

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytningu öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 176 7. maí 1976.

Samgönguráðuneytið, 25. janúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.

Nr. 61.

25. janúar 1977.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Reykjavíkur, nr. 108 4. mars 1975.

1. gr.

3. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 11.60 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 5.80 á brúttórúmllest.
- c. Innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 11.60 á brúttórúmllest, þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 770.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 3 840.00.

Gjalddagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjá mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

4. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 5.80 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftár en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 620.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist svo:

Fyrir að leggja skipi í fjöru eða taka skip í slipp til hreinsunar eða aðgerðar, skal greiða kr. 4.00 af hverri brúttórúmllest skipsins, en þó aldrei minna en kr. 1 000.00.

Dráttarbrautafyrirtæki eru skyld að sjá um og bera ábyrgð á innheimtu gjalds þessa fyrir hafnarsjóð hjá þeim skipum, er tekin eru á land hjá þeim.

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a. Fyrir leiðsögn til eða frá höfninni kr. 1 920.00 fyrir hvert skip, auk kr. 4.80 fyrir hverja brúttórúmllest.
- b. Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf gjald samkvæmt lið a. fyrir flutning milli hafnarsvæða, en $\frac{1}{3}$ gjalds fyrir flutning innan sama hafnarsvæðis.
- c. Auk þess skal hvert skip, sem notar hafnsögumann eða skylt er að greiða hafnsögugjald samkvæmt 7. gr. greiða kr. 500.00 í hafnsögusjóð.

5. gr.**Vörugjaldskrá.**

16. gr. orðist svo:

1. fl.: Gjald kr. 210.00 fyrir hver 1000 kg.:

Vara flutt í heilum skipsförmum eða lausu máli í miklu magni (meira en 100 t), svo sem bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt sement laust og sekkjað, vikur, sekkjaður áburður, sekkjuð kornvara.

2. fl.: Gjald kr. 445.00 fyrir hver 1000 kg.:

Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, aðrar en taldar í 1. fl., óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 1 230.00 fyrir hver 1000 kg.:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
- b. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
- c. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

Af innflutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald kr. 120.00 fyrir hvern rúmmeter:

Vörur flokkaðar eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 0.85%:

Sjávarafli lagður á land til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og ber ábyrgð á greiðslu þess til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 100.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 177 4. maí 1976.

Samgönguráðuneytið, 25. janúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Ólafur S. Valdimarsson.